



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

5. júní 2019

Mál nr. E-4339/2018:

Stefnendur: VR og

Jón Hermann Karlsson

(Daniel Isebarn Ágústsson lögmaður)

Stefndi: Atvinnuleysistryggingasjóður

(Fanney Rós Þorsteinsdóttir lögmaður)

Dómari: Skúli Magnússon héraðsdómari

D Ó M U R

Mál þetta var höfðað með stefnu birtri 17. desember 2018 og tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 29. maí sl. Stefnendur eru VR, Kringlunni 7, Reykjavík, og Jón H. Karlsson, Boðarþingi 1, Kópavogi. Stefndi er Atvinnuleysistryggingasjóður, Kringlunni 1, Reykjavík.

Stefnandi VR krefst þess að viðurkennt verði að félagsmenn hans, sem urðu fyrir því að atvinnuleysisbætur til þeirra voru skertar með óheimilum hætti á grundvelli 14. gr., sbr. e-lið 30. gr., laga nr. 125/2014 frá og með 1. janúar 2015, eigi kröfu um að stefnda sé skylt að greiða hinar vangoldnu bótagreiðslur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá og með gjalddögum hverrar greiðslu samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 54/2006 til greiðsludags. Stefnandi VR krefst jafnframt „viðurkenningar á fyrningarlitum á kröfum félagsmanna stefnanda VR, sem urðu fyrir því að atvinnuleysisbætur til þeirra voru skertar með óheimilum hætti á grundvelli 14. gr., sbr. e. lið 30. gr., laga nr. 125/2014 frá og með 1. janúar 2015, um að stefnda sé skylt að greiða hinar vangoldnu bótagreiðslur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá og með gjalddögum hverrar greiðslu samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 54/2006 til greiðsludags.“ Stefnandi Jón H. Karlsson krefst þess að stefnda verði gert að greiða stefnanda Jóni alls 610.143 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 184.188 krónum frá og með 2. febrúar 2015 til 2. mars 2015, frá þeim degi af 328.599 krónum til 1. apríl 2015, frá þeim degi af 448.860 krónum til 4. maí 2014 en frá og með þeim degi af 610.143 krónum til greiðsludags, allt að teknu tillit til innborgunar stefnda að fjárhæð 653.924 krónur 24. október 2017. Stefnendur krefjast einnig málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu auk málskostnaðar.

Helstu ágreiningsefni og yfirlit málsatvika

Í málinu deila aðilar um rétt stefnanda Jóns Hermanns, svo og annarra félagsmanna stefnandans VR sem svipað var ástatt um, til dráttarvaxta í kjölfar þess að Hæstiréttur Íslands komst að þeirri niðurstöðu með dómi 1. júní 2017 í máli nr. 501/2016 að stytting á tímabili atvinnuleysisbóta úr 36 mánuðum í 30, sem gerð var með lögum nr. 125/2014, hefði verið óheimil að því marki sem hún skerti bótarétt þeirra félagsmanna sem þáðu atvinnuleysisbætur 31. desember 2014 eða sóttu um slíkar bætur 1. janúar 2015 eða síðar og hefðu haldið áfram að nýta rétt sinn til bótanna samkvæmt 4. mgr. 29. gr. laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar. Snýst megin ágreiningur aðila um það hvort sérregla 5. mgr. 39. gr. laga nr. 54/2006, sem mælir fyrir um að vangreiddar atvinnuleysisbætur skuli bera vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, gildi um umræddar kröfur eða hvort

kröfurnar beri dráttarvexti samkvæmt almennum reglum síðargreindu laganna. Atvik málsins eru ágreiningslaus að því er þýðingu hefur fyrir niðurstöðu málsins og er ekki uppi tölulegur ágreiningur um fjárhæð greiðslukröfu stefnandans Jóns Hermanns. Þá er ekki deilt um aðild að málinu, hvorki til sóknar né varnar.

Með 14. gr. laga nr. 125/2014 um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2015 var lengd tímabils sem atvinnuleysisbætur voru greiddar fyrir samkvæmt 29. gr. laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar stytta úr 36 mánuðum í 30 mánuði frá og með 1. janúar 2015. Í e-lið 30. gr. breytingalaganna var sérstaklega tekið fram að framangreind breyting tæki gildi 1. janúar 2015 og ætti breytingin við um atvinnuleitendur sem þegar væru skráðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins og hefðu fengið greiddar atvinnuleysisbætur fyrir 1. janúar 2015 og atvinnuleitendur sem myndu skrá sig án atvinnu og sækja um atvinnuleysisbætur 1. janúar 2015 eða síðar, hvort sem það væri í fyrsta skipti eða viðkomandi héldi áfram að nýta fyrra tímabil samkvæmt 29. gr. laganna, sem og um þá atvinnuleitendur sem hefðu áður verið skráðir án atvinnu en hæfu nýtt tímabil innan atvinnuleysistryggingakerfisins samkvæmt 30. eða 31. gr. sömu laga 1. janúar 2015 eða síðar. Stefnandi VR vísar til þess að með þessar breytingu hafi a.m.k. 219 félagsmenn hans verið sviptir virkum bótarétti um allt að sex mánuði.

Stefnendur höfðuðu mál gegn stefnda 9. janúar 2015 þar sem þess var meðal annars krafist að viðurkennt yrði að framangreind stytting á tímabili atvinnuleysisbóta úr 36 mánuðum í 30 hefði verið óheimil gagnvart stefnanda Jóni Hermanni og öðrum félagsmönnum í stefnanda VR sem svipað var ástatt um. Með fyrrgreindum dómi Hæstaréttar var viðurkenningarkrafan tekin til greina gagnvart stefnda. Er nánar vikið að forsendum Hæstaréttar í niðurstöðum dómsins að því marki sem þýðingu hefur fyrir úrlausn málsins.

Stefnandi VR sendi stefnda og Vinnumálastofnun bréf 2. júní 2017 þar sem þess var krafist að ógreiddar atvinnuleysisbætur yrðu greiddar tafarlaust auk dráttarvaxta í samræmi við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Í bréfi Vinnumálastofnunar 5. júlí 2017 var því lýst hvernig tilhögun á greiðslu vangreiddra bóta yrði háttað en tekið fram að einungis væri gert ráð fyrir því í lögum nr. 54/2006 að vangreiddar bætur bæru vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001. Var í þessu efni vísað til 35. og 39. gr. laganna, svo sem nánar greinir í reifun málsástæðna og lagaraka stefnda.

Samkvæmt stefnu fóru greiðslur til hlutaðeigandi félagsmanna stefnandans VR fram í árslok 2017 en stefnandi Jón Hermann mun hafa fengið greiðslu í október þess árs, nánar tiltekið 24. þess mánaðar ef marka má kröfugerð hans fyrir dóminum. Ágreiningslaust er að við þessar greiðslur var ekki tekið tillit til dráttarvaxta og er því hreyft í stefnu að vextir samkvæmt samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 hafi

heldur ekki verið rétt reiknaðir. Í ljósi úrlausnar málsins er þó ekki ástæða til að rekja það atriði nánar. Þá er ekki ástæða til að gera sérstaklega grein fyrir síðari samskiptum málsaðila vegna þessa ágreinings.

Engar munnlegar skýrslur voru við aðalmeðferð málsins.

Helstu málsástæður og lagarök stefnenda

Stefnendur vísa til þess að atvinnuleysisbætur sem félagsmenn stefnandi VR áttu rétt á samkvæmt fyrrgreindum dómi Hæstaréttar Íslands, þ.á m. stefnandi Jón Hermann, hafi fallið í gjalddaga fyrsta virka dag næsta mánaðar á eftir þeim mánuði sem greiða bar bæturnar fyrir. Kröfur félagsmanna stefnanda um greiðslu þessara bóta séu peningakröfur sem falli undir almennar reglur kröfuréttar og laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Samkvæmt meginreglum kröfuréttar og ákvæðum vaxtalaga eigi félagsmenn kröfu um dráttarvexti af hinum vangoldnu atvinnuleysisbótum frá og með gjalddaga þeirra til greiðsludags.

Að því er varðar stefnandi Jón Hermann hafi hann, þegar fyrrgreind lög voru birt 30. desember 2014 og tóku gildi 1. janúar 2015, verið búinn að nýta tæpa 32 mánuði af bótatímabili sínu. Stefnandinn hafi þannig misst rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta strax við lagabreytinguna og ekki fengið atvinnuleysisbæturnar greiddar fyrr en löngu síðar, eða 24. október 2017. Þá hafi bæturnar einungis verið greiddar með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 eða 2/3 af almennum vöxtum sem birtir eru samkvæmt 1. mgr. 4. gr. sömu laga. Með hliðsjón af því að ekki er uppi tölulegur ágreiningur um greiðslukröfu stefnandans er ekki ástæða til að gera sérstaka grein fyrir sundurliðun kröfunnar.

Stefnendur telja að ákvæði 5. mgr. 39. gr. laga nr. 54/2006 eigi ekki við í málinu og því fari um dráttarvexti af kröfum félagsmanna VR eftir almennum reglum. Krafa um atvinnuleysisbætur á grundvelli laga nr. 54/2006 sé krafa um peningagreiðslu, en samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 54/2006 skuli atvinnuleysisbætur greiddar fyrsta virka dag hvers mánaðar. Gjalddagi kröfu um atvinnuleysisbætur sé því lögákveðinn og fyrir fram ákveðinn. Í lögum nr. 54/2006 sé ekki mælt fyrir um það hvaða vexti ógreiddar atvinnuleysisbætur skuli bera. Einungis sé mælt fyrir um hvaða vexti atvinnuleysisbætur skuli bera ef greitt hefur verið of lítið eða of mikið og nauðsynlegt þykir að leiðrétta greiðslu til hins tryggða samkvæmt lögnum, sbr. 5. mgr. 39. gr. laganna sem hér eigi ekki við. Ákvæðið taki þannig ekki til þess þegar löggjafinn setur lög sem eru í andstöðu við stjórnarskrána, svo sem um ræði í máli þessu. Þegar sleppi hinum sérstöku reglum sem fram koma í 5. mgr. 39. gr. laga nr. 54/2006 taki við almennar reglur laga nr. 38/2001. Stefnendur vísa einnig til þess að við skýringu sérreglu 5. mgr. 39. gr. laganna eigi að taka tillit til þess að um sé að ræða kröfuréttindi sem njóti stjórnskipulegrar eignarréttarverndar og nýtt séu til

framfærslu þeirra sem hér eigi í hlut. Til þess að tjón þessara kröfuhafa verði að fullu bætt eigi þeir rétt á dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001.

Að því er varðar kröfu stefnandans VR um viðurkenningu fyrningarhlita er vísað til þess að það leiði af ákvæðum 1. mgr. 2. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, sbr. 3. gr. laganna, að einhverjar kröfur félagsmanna stefnanda um dráttarvexti hafi byrjað að fyrnast í upphafi ársins 2019 enda hafi þá verið liðin fjögur ár frá gjalddögum þeirra. Þótt stefndi hafi viðurkennt skyldu sína til greiðslu vangoldinna atvinnuleysisbóta og fyrningu teljist sjálfkrafa slitið með höfðun dómsmáls samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laganna sé krafan sett fram til öryggis ef litið yrði svo á að gera þyrfti sérstaka kröfu til þess að rjúfa fyrningu fyrir hönd allra félagsmanna sem eiga rétt á dráttarvöxtum.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að í lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar sé skýrt kveðið á um hvernig reikna skuli vexti, komi til greiðslna vegna vangreiddra bóta úr hendi stefnda. Því sé óheimilt að greiða dráttarvexti til atvinnuleitenda komi til vaxtagreiðslna vegna vangreiddra atvinnuleysisbóta. Í slíkum tilvikum beri að miða við að vextirnir séu jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir á hverjum tíma samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 5. mgr. 39. gr. laga nr. 54/2006. Ekki beri því að miða við aðra vexti, svo sem dráttarvexti samkvæmt lögnum. Stefndi vísar til þess að þessi regla birtist einnig í 35. gr. laganna.

Stefndi leggur áherslu á að þær greiðslur sem einstaklingar kunni að eiga rétt á í kjölfar fyrrgreindrar niðurstöðu Hæstaréttar séu kröfur um vangreiddar atvinnuleysisbætur. Dómur Hæstaréttar feli í sér viðurkenningu á því að stytting á tímabili atvinnuleysisbóta úr 36 mánuðum í 30 mánuði, sem gerð var með lögum nr. 125/2014, hafi verið óheimil að því marki sem hún skerti bótarétt þeirra sem höfðu virkjað rétt sinn til atvinnuleysisbóta fyrir 1. janúar 2015. Að mati stefnda feli dómurinn hvorki í sér viðurkenningu á því að stefnandi Jón Hermann né aðrir sem sættu styttingu bótatímabils síns þann dag eigi fortakslausan rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta heldur eingöngu að þessir einstaklingar eigi rétt til 36 mánaða bótatímabils. Það sé síðan skýrt afmarkað í lögum nr. 54/2006 hvort þessir einstaklingar eigi rétt á greiðslum, hver fjárhæð greiðslnanna sé, tímabil sem þær taki til og vextir sem greiða skuli af þeim. Með öðrum orðum grundvallist ákvarðanir um rétt einstaklinga til atvinnuleysisbóta á lögum nr. 54/2006 og þar af leiðandi fari um rétt þeirra til vaxta á lögnum. Það að Hæstiréttur fjalli um lögmati breytinga á tímalengd bótatímabilsins samkvæmt lögnum breyti þessu ekki, enda breytist hvorki eðli greiðslnanna né kröfur þeirra sem kunni að eiga rétt til þeirra.

Stefndi telur að ákvæði 39. gr. laga nr. 54/2006 fjalli um öll þau tilvik þegar atvinnuleysisbætur eru greiddar með röngum hætti, hvort sem þær eru ofgreiddar eða ekki greiddar þær bætur sem átti að greiða, hvort sem þær eru greiddar að litlu leyti eða alls ekki. Sé gert ráð fyrir öllum tilvikum og sérstaklega tilgreint ef önnur framkvæmd skal vera á, t.d. þegar atvinnuleysisbætur eru vangreiddar vegna skorts á upplýsingum frá hinum tryggða. Með öðrum orðum sé í ákvæðinu gert ráð fyrir að leiðrétta bótagreiðslur á þann hátt að hinn tryggði fái greiddar þær bætur sem honum bar, hvort sem hann hefur fengið ofgreitt eða alls ekki fengið greitt það sem honum bar. Sérregla 5. mgr. 39. gr. laganna eigi því fyllilega við í málinu.

Stefndi leggur áherslu á að textaskýring ákvæðisins taki af skarið um að þessi sérregla eigi við þau tilvik sem mál þetta lýtur að og ummæli í athugasemdum með frumvarpi styrki þann skilning. Hafi löggjafinn með sérreglunni ákveðið hvernig bætt skuli fyrir tjón sem verður vegna þess að atvinnuleysisbætur sem bótaþegi á rétt til eru ekki inntar af hendi á tilskildum tíma. Stefndi bendir jafnframt á að í 3. mgr. 35. gr. laga nr. 54/2006 sé að finna sams konar vaxtareglu sem einungis eigi þó við í þeim tilfellum sem Vinnumálastofnun haldi eftir greiðslum til atvinnuleitenda vegna rökstudds gruns um að viðkomandi uppfylli ekki lengur skilyrði fyrir greiðslum atvinnuleysistrygginga eða hann hafi þegar fengið ofgreiddar atvinnuleysisbætur. Ljóst sé því að lög nr. 54/2006 geri ráð fyrir því að vextir af vangreiddum atvinnuleysisbótum skuli greiddir samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001. Sé hér um að ræða sérreglu sem gangi framur almennum lögum um vexti.

Stefndi mótmælir málsástæðum stefnenda um að kröfur þeirra byggist á eignarrétti þeirra, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Stefndi fær ekki séð hvernig röksemdafærsla stefnenda um það atriði leiði til þess að víkja beri frá sérreglu laga nr. 54/2006 um ákvörðun vaxta. Þá er því einnig mótmælt að túlkun stefnda á ákvæðinu fari í bága við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar og meðalhófsreglu stjórnskipunarréttar.

Niðurstaða

Svo sem áður greinir liggur fyrir dómur Hæstaréttar 1. júní 2017 í máli nr. 501/2016 sem rekið var á milli sömu aðila. Í forsendum dómsins var því slegið föstu að krafa stefnanda, Jóns Hermanns, svo og annarra félagsmanna í stefnandi VR sem svipað var ástatt um, til atvinnuleysisbóta nyti verndar eignarréttarákvæðis 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sbr. 10. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995. Þá var með dóminum viðurkennt að sú stytting á tímabili atvinnuleysisbóta úr 36 mánuðum í 30, sem gerð var með fyrrgreindum lögum nr. 125/2014 hefði verið óheimil að því marki sem hún skerti bótarétt þeirra félagsmanna stefnanda sem þáðu atvinnuleysisbætur 31. desember 2014, eða sóttu um slíkar bætur 1. janúar 2015 eða

síðar, og hefðu haldið áfram að nýta rétt sinn til bótanna samkvæmt 4. mgr. 29. gr. laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar, þ.á m. að því er varðaði stefnanda, Jón Hermann. Ekki er um það deilt að af téðum dómi Hæstaréttar leiddi greiðsluskyldu stefnda gagnvart stefnanda, Jóni Hermanni, og öðrum félagsmönnum í stefnanda, VR, sem svipað var ástatt um, vegna atvinnuleysisbóta sem ekki voru greiddar vegna hinnar stjórnskipulega ólögsmætu lagasetningar. Er efnislegur ágreiningur málsaðila einskorðaður við kröfu stefnanda um að atvinnuleysisbætur sem ekki voru greiddar út af þessum sökum beri dráttarvexti frá og með þeim dögum sem stefnda hefði að öðrum kosti borið að greiða þær út til hinna tryggðu.

Í samræmi við fyrrgreindan dóm Hæstaréttar ber að leggja til grundvallar að kröfuréttindi stefnanda Jóns Hermanns, svo og annarra félagsmanna VR, sem svipað var ástatt um, gagnvart stefnda hafi notið stjórnskipulegrar eignarréttarverndar samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar. Dómurinn leggur til til grundvallar að téðar kröfur hafi verið með ákveðnum gjalddögum og hafi orsök þess að þær voru ekki greiddar út legið í því broti gegn stjórnslögum sem slegið var föstu með áðurnefndum dómi Hæstaréttar. Fellst dómurinn þar af leiðandi ekki á það með stefnda að hér hafi verið uppi sú aðstaða að þurft hafi að reikna bótarétt hlutaðeigandi tryggðu frá grunni þannig að réttur þeirra hafi í reynd ekki verið virkur á réttum greiðsludögum bótanna.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu gildir sú almenna regla að dráttarvextir reiknast af ógreiddri peningakröfu frá og með gjalddaga hennar fram að greiðsludegi. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laganna skulu slíkir dráttarvextir reiknast samkvæmt ákvæðum 1. mgr. greinarinnar og er sú regla ófrávíkjanleg gagnvart neytendum. Dráttarvöxtum er ætlað að fela í sér bætur fyrir greiðsludrátt skuldara peningaskuldar, þó þannig að kröfuhafi þarf ekki að sýna sérstaklega fram á tjón sitt að þessu leyti. Réttur til dráttarvaxta eftir gjalddaga er þannig að jafnaði óaðskiljanlegur hluti peningakröfu. Á hinn bóginn er í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 kveðið á um vexti af skaðabótakröfum við þær aðstæður að kröfuhafi hefur enn ekki lagt fram upplýsingar sem þörf er á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta. Er téðri reglu því ekki ætlað að fela í sér skaðabætur vegna greiðsludráttar heldur stuðla að því að sá tími sem líður frá tjónsatviki þar til unnt er að setja fram gjaldkræfa kröfu leiði ekki til raunlækkunar kröfunnar með þeim afleiðingum að tjónþoli fái tjón sitt ekki að fullu bætt. Í samræmi við þetta er téð regla háð þeim fyrirvara að fjárhæð skaðabótakröfu sé ekki miðuð við verðlag síðar en hið bótaskylda atvik. Í samræmi við grunnrök 1. og 3. mgr. 5. gr. laganna bera skaðabótakröfur hins vegar að jafnaði dráttarvexti að liðnum mánuði frá því að tjónþoli hefur sett fram gjaldkræfa kröfu, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001.

Þótt dómurinn telji ekki útilokað að löggjafinn geti, svo samrýmanlegt sé 72. gr. stjórnarskrárinnar, kveðið á um aðra og lægri dráttarvexti eða vanefndaálag vegna

ákveðinna tegunda krafna en kveðið er á um í III. kafla laga nr. 38/2001, verður samkvæmt öllu framangreindu að áskilja að slíkar reglur séu skýrar og gangi ekki lengra en nauðsynlegt er með tilliti til eðlilegra hagsmuna kröfuhafa af því að fá kröfu sína greidda á réttum tíma. Af þessu leiðir einnig að sérreglur í settum lögum um rétt til vaxta eftir gjalddaga hljóta að vera skýrar um efni sitt, en ber að öðrum kosti að skýra þrengjandi til samræmis við almennar reglur laga nr. 38/2001.

Málsástæður stefnda eru einskorðaðar við annars vegar 3. mgr. 35. gr. laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar og hins vegar við 5. mgr. 39. gr. sömu laga, eins og þeim hefur síðar verið breytt. Fyrri ákvæðið á samkvæmt orðalagi sínu við um þá aðstöðu þegar stefndi hefur nýtt heimild 2. mgr. 35. gr. laganna til þess að halda eftir, í allt að einn mánuð, greiðslu atvinnuleysisbóta sem hinum tryggða hefur áður verið ákvörðuð. Er þá mælt fyrir um að stefnda beri, ef hann hefur komist að þeirri niðurstöðu eftir að hafa upplýst málið nægjanlega að hinn tryggði hafi allt að einu átt rétt til einhvers hluta eða allrar greiðslunnar, að greiða fjárhæðina út í síðasta lagi næsta greiðsludag ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001. Samkvæmt orðalagi sínu og samræmisskýringu við 2. mgr. 35. gr. laga nr. 54/2006 á 3. mgr. greinarinnar ekki við um kröfur stefnenda. Þá athugast að ákvæðið tekur einungis til vaxta frá því tímamarki sem stefnda verður ljóst að skilyrði hefur skort til þess að halda eftir greiðslu atvinnuleysisbóta til hins tryggða. Er ákvæðið því hljótt um rétt hins tryggða til dráttarvaxta ef stefndi hefur ekki greitt bætur á lögákveðnum gjalddaga samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laganna, svo sem á við í máli þessu.

Í 5. mgr. 39. gr. laga nr. 54/2006 er kveðið á um rétt til vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 við þær aðstæður að hinn tryggði hefur fengið „lægrí atvinnuleysisbætur en honum bar samkvæmt álagningu skattýfirvalda eða öðrum ástæðum“. Með öðrum málslið málsgreinarinnar er því slegið föstu að hið sama eigi við þegar niðurstaða úrskurðarnefndar velferðarmála leiðir til þess að hinn tryggði hafi átt rétt á atvinnuleysisbótum samkvæmt lögnum eða rétt til hærri bóta en honum voru ákveðnar. Við skýringu ákvæðisins telur dómurinn að horfa verði til þess að málsgreinin fjallar um vexti á atvinnuleysisbætur fyrir það tímabil sem þegar er liðið þegar endanleg ákvörðun um bætur liggur fyrir og kröfuréttur hins tryggða er orðinn gjaldkræfur. Styðjast ákvæði málsgreinarinnar þannig við sambærileg rök og þau sem liggja 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 til grundvallar og áður er vikið að. Fær sú niðurstaða frekari stoð í lokamálslið málsgreinarinnar sem kveður á um niðurfall þessara vaxta ef greiðslur hafa verið vangreiddar vegna skorts á upplýsingum frá hinum tryggða.

Í máli því sem hér er til úrlausnar liggur fyrir að kröfur stefnandans Jóns Hermanns, svo og annarra félagsmanna stefnanda VR sem svipað var ástatt um, studdust við ákvarðanir stefnda sem þegar höfðu verið teknar og voru kröfurnar því

gjaldkræfar á ákveðnum dögum samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 54/2006. Ekki er um það deilt að ástæða þess að kröfurnar voru ekki greiddar var setning 14. gr., sbr. e-lið 30. gr., laga nr. 125/2014 sem fól í sér brot gegn 72. gr. stjórnarskrárinnar og bar þar af leiðandi að virða að vettugi. Með hliðsjón af þeim almennu sjónarmiðum um skýringu sérákvæða í lögum um rétt til dráttarvaxta sem áður greinir er það niðurstaða dómsins að ákvæði 5. mgr. 39. gr. laga nr. 54/2006 verði ekki skýrð svo rúmt að þau taki til töku dráttarvaxta eftir að réttur hins tryggða til atvinnuleysisbóta er gjaldkræfur, svo sem gera verður ráð fyrir að eigi við í máli þessu.

Samkvæmt framangreindu er málsástæðum stefnda byggðum á 5. mgr. 39. gr. hafnað. Aðild stefnanda VR að málinu á grundvelli 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, kröfugerð þessa stefnanda fyrir hönd félagsmanna sinna, svo og samlagsaðild stefnanda, er ekki sérstaklega mótmælt af hálfu stefnda og gefur ekki tilefni til sjálfkrafa skoðunar dómsins. Verður þar af leiðandi fallist á kröfu stefnanda VR, svo sem nánar greinir í dómsorði. Ekki er lengur uppi tölulegur ágreiningur um fjárhæð eða forsendur greiðslukröfu stefnandans Jóns Hermanns við þær aðstæður að áðurgreindum málsástæðum stefnda hefur verið hafnað. Verður krafan því tekin til greina eins og hún er fram sett.

Við aðalmeðferð málsins var áréttað af hálfu stefnanda að í öðrum lið kröfugerðar stefnandans VR væri farið fram á viðurkenningu þess að höfðun máls þessa hafi rofið fyrningu krafna hlutaðeigandi félagsmanna aðilans til dráttarvaxta. Kröfunni, eins og hún hefur nánar verið skýrð af stefnandanum, er ekki lengur sérstaklega mótmælt af hálfu stefnda. Verður hún því tekin til greina með þeim hætti sem nánar greinir í dómsorði.

Með vísan til úrslita málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnendum málskostnað þeirra. Að virtu umfangi málsins og því að málið hefur verið rekið sameiginlega af stefnendum þykir sá kostnaður hæfilega ákveðinn 620.000 krónur til hvors stefnanda eða alls 1.240.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Skúli Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan

DÓMSORÐ

Viðurkennt er að félagsmenn stefnanda, VR, sem urðu fyrir því að atvinnuleysisbætur til þeirra voru skertar með óheimilum hætti á grundvelli 14. gr., sbr. e-lið 30. gr., laga nr. 125/2014 frá og með 1. janúar 2015, eigi kröfu um að stefnda, Atvinnuleysistryggingasjóði, sé skylt að greiða hinar vangoldnu bótagreiðslur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá og með gjalddögum hvernar greiðslu samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 54/2006 til greiðsludags. Jafnframt er viðurkennt að höfðun máls þessa hafi rofið fyrningu krafna hlutaðeigandi félagsmanna stefnandans til vangoldinna dráttarvaxta úr hendi stefnda.

Stefndi greiði stefnanda, Jón Hermanni Karlssyni, 610.143 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 184.188 krónum frá og með 2. febrúar 2015 til 2. mars 2015, frá þeim degi af 328.599 krónum til 1. apríl 2015, frá þeim degi af 448.860 krónum til 4. maí 2014, en frá þeim degi af 610.143 krónum til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun stefnda 24. október 2017 að fjárhæð 653.924 krónur.

Stefndi greiði stefnendum hvorum um sig 620.000 krónur í málskostnað.

Skúli Magnússon

